

Tillaga til ályktunar

– Starfshópur um framkvæmd leyfiskerfis hjá ÍTF –

Lagt er til að ársþing KSÍ 2023 samþykki eftirfarandi ályktunartillögu;

Tillagan hljóðar svona:

Ársþing KSÍ samþykkir að setja á fót starfshóp sem kanna skal möguleika á því að ÍTF taki yfir framkvæmd leyfiskerfis KSÍ að svo miklu leyti sem reglur UEFA heimila. Starfshópurinn verði skipaður tveimur fulltrúum tilnefndum af KSÍ og tveimur fulltrúum tilnefndum af ÍTF og skili greinargerð til stjórnna KSÍ og ÍTF fyrir 1.ágúst 2023.

Greinargerð

Deildasamtökum í Evrópu er heimilt að taka yfir leyfiskerfið að uppfylltum ákveðnum skilyrðum og þegar hafa slík samtök tekið að öllu leyti eða að hluta til yfir framkvæmd leyfiskerfisins. Slík ráðstöfun hefur í för með sér að leyfiskerfið færir nær félögunum og þjónar betur hagsmunum þeirra. Rétt er því að kanna hvort grundvöllur er fyrir því hér á landi að ÍTF taki yfir leyfiskerfið að hluta til og þá í samræmi við reglur UEFA og í sátt við KSÍ.

Orri Hlöðversson stjórn KSÍ/ÍTF